

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/958

2024/EES/11/64

frá 10. maí 2023

um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar framlag flugstarfsemi til markmiðs Sambandsins um samdrátt á losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið og viðeigandi framkvæmd hnattrænnar markaðstengdar ráðstöfunar (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

Í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽⁴⁾ var komið á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins til að stuðla að því að dregið verði úr losun þeirra á kostnaðarhagkvæman og efnahagslega skilvirkan hátt. Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB ⁽⁵⁾ var flugstarfsemi felld inn í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (EU ETS). Evrópusambandið hefur valdheimildir til að rýmka viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir þannig að það nái yfir öll flug sem fara frá eða koma til flugvallar sem er staðsettur í aðildarríki.
- 2) Verndun umhverfisins er ein af mikilvægustu áskorunum sem Sambandið og aðrir heimshlutar standa frammi fyrir. Parísarsamningurinn ⁽⁶⁾ sem var samþykktur 12. desember 2015 samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC) öðlaðist gildi 4. nóvember 2016. Aðilar að Parísarsamningnum hafa samþykkt að halda hækkan á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkan hitastigs við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Sú skuldbinding var styrkt með því að samþykkja, samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, loftslagsáttmálann í Glasgow 13. nóvember 2021 en þar viðurkennir ráðstefna aðilanna að rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem er fundur aðilanna að Parísarsamningnum, að með því að halda hækkan á hnattrænu meðalhitastigi við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu dragi verulega úr áhættum og áhrifum af loftslagsbreytingum og þessir aðilar skuldbundu sig til að styrkja markmið sín fyrir 2030 við lok árs 2022 til að hraða á loftslagsaðgerðum á þessum mikilvæga áratug og til að brúa bilið milli metnaðar og markmiða með 1,5 °C markmiðinu. Til þess að ná markmiðum Parísarsamningsins verða allar greinar atvinnulífsins, þ.m.t. alþjóðaflug, að leggja sitt af mörkum til að ná fram samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 115. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 152, 6.4.2022, bls. 152.

(2) Stjtið. ESB C 301, 5.8.2022, bls. 116.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 25. apríl 2023.

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfið fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu taki einnig til flugstarfsemi (Stjtið. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3).

(6) Stjtið. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 4.

- 3) Flugstarfsemi er ástæðan fyrir 2–3% af hnattrænni koltvísýringslosun og heildaráhrif flugstarfsemi á loftslag eru a.m.k. tvöfalt meiri en áhrifin frá koltvísýringi einum og sér. Flugstarfsemi er önnur stærstu upptök áhrifa á loftslag frá flutningastarfsemi á eftir flutningum á vegum. Evrópustofnunin um öryggi flugleiðsögu spáði árið 2022 44% aukningu á flugstarfsemi í Evrópu fyrir 2050 samanborið við 2019. Þörfin fyrir aðgerð til að draga úr koltvísýringslosun verður sífellt brýnni eins og milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar (IPCC) setur fram í nýjustu skýrslu sinni frá 7. ágúst 2021 sem ber heitið „Climate change 2021: The Physical Science Basis“, skýrslu sinni frá 28. febrúar 2022 sem ber heitið „Climate Change 2022: Impacts, Adaptation and Vulnerability“ og skýrslu sinni frá 4. apríl 2022 sem ber heitið „Climate Change 2022: Mitigation of Climate Change“. Í skýrslunni frá 4. apríl 2022 er alþjóðaflug tilgreint sem geiri þar sem samningar innan atvinnugreina innihalda samþykkt markmið um mótvægi gegn loftslagsbreytingum sem eru langt undir því sem þörf er á til að ná langtímamarkmiðinu um hitastig í Parísarsamningnum. Sambandið ætti því að bregðast við þessari brýnu þörf til aðgerða með því að efla viðleitni sína og festa sig í sessi sem alþjóðlegur leiðtogi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.
- 4) Hinn 27. júní 2018 samþykkti ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, á tíunda fundi 214. fundar þess, fyrstu útgáfu af IV. bindi 16. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem var undirritaður 7. desember 1944 (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn), – kerfi til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA), þar sem alþjóðlegum kröfum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA SARPs) var komið á. Sambandið og aðildarríki þess komu kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi til framkvæmda við upphaf prófunaráfangans 2021–2023 í samræmi við ákvörðun ráðsins (ESB) 2020/954 (7).
- 5) Í samræmi við ákvörðun ráðsins (ESB) 2018/2027 (8) tilkynntu aðildarríkin skrifstofu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um mismun milli kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi og viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir. Markmiðið var að vernda réttarreglur Sambandsins og síðari stefnumótandi heimildir sem og metnaðarstig Sambandsins í loftslagsmálum og einskorðað hlutverk Evrópuþingsins og ráðsins við að ákvarða innihaldið í lögum Sambandsins. Í kjölfar samþykktar þessarar tilskipunar ætti að uppfæra tilkynninguna um mismun milli kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi og viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir til skrifstofu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar með annarri tilkynningu um mismun í samræmi við lög Sambandsins til að endurspeglar endurskoðunina sem gerð var á tilskipun 2003/87/EB.
- 6) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019 sem ber heitið „Grænt samkomulag í Evrópu“ liggur það til grundvallar að takast á við loftslags- og umhverfistengdar áskoranir og ná markmiðum Parísarsamningsins.
- 7) Sambandið skuldbatt sig til að draga úr nettólosun sinni á gróðurhúsalofttegundum í öllu hagkerfinu um a.m.k. 55% fyrir 2030, samanborið við gildin á árinu 1990, í uppfærðu landsákvörðuðu framlagi Sambandsins og aðildarríkja þess sem var lagt fyrir skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar 17. desember 2020. Flugstarfsemi ætti að leggja sitt af mörkum til þessarar viðleitni til samdráttar á losun.
- 8) Með samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 (9) fastsetti Sambandið markmið í löggjöfina um að draga úr losun þannig að hún verði engin, eigi síðar en 2050, og markmið um að ná fram neikvæðri losun eftir það. Í þeirri reglugerð er einnig fastsett bindandi milliloftslagsmarkmið Sambandsins um samdrátt í nettólosun gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins (losun eftir að upptaka hefur verið dregin frá) sem nemur a.m.k. 55%, samanborið við gildi ársins 1990, fyrir 2030.
- 9) Breytingarnar sem eru innleiddar með þessari tilskipun eru nauðsynlegar til að tryggja heilleika viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og stýra viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir með skilvirkum hætti til að það stuðli að því, sem stjórnæki, að ná fram markmiðum Sambandsins um að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda um a.m.k. 55% fyrir 2030 og að verða loftslagshlutlaust fyrir 2050 sem og markmiðinu um að ná fram neikvæðri losun eftir það eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1119. Þessar breytingar miða þar af leiðandi einnig að því að

(7) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2020/954 frá 25. júní 2020 um þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að því er varðar tilkynningu um frjálsa aðild að kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA) frá 1. janúar 2021 og þann kost sem er valinn til útreiknings á jöfnunarkröfum flugrekenda flugvéla á tímabilinu 2021–2023 (Stjtið. ESB L 212, 3.7.2020, bls. 14).

(8) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2018/2027 frá 29. nóvember 2018 um þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins innan Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að því er varðar fyrstu útgáfu af alþjóðlegum stöðlum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd - kerfi til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA) (Stjtið. ESB L 325, 20.12.2018, bls. 25).

(9) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 („evrópsku loftslagslögin“) (Stjtið. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1).

koma framlagi Sambandsins samkvæmt Parísarsamningnum, að því er varðar flugstarfsemi, til framkvæmda. Þess vegna ætti að sameina heildarfjölda losunarheimilda fyrir flugstarfsemi og beita línulegum samdráttarstuðli [áður: línulegur skerðingarstuðull] þar að lútandi eins og um getur í 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

- 10) Til viðbótar við koltvísýringslosun hefur flugstarfsemi áhrif á loftslagið með annarri losun en koltvísýringslosun, s.s. köfnunarefnisoxíð (NO_x), sótagfir og oxaðar brennisteinstegundir og áhrif frá vatnsgufu, sem og með ferlum í lofthjúpunum af völdum slíkrar losunar, t.d. myndun ósons og flugslóðaklósiga (e. *contrail cirrus*). Loftslagsáhrifin af slíkri annarri losun en koltvísýringslosun velta á því hvaða tegundir eldsneytis og hreyfla eru notaðar, á staðsetningu losunarinnar, einkum farflugshæð loftfarsins og staðsetningu þess með tilliti til breiddar- og lengdargráðu ásamt tímasetningu losunarinnar og veðurskilyrða á þeim tíma. Í tilskipun 2008/101/EB var viðurkennt, byggt á mati framkvæmdastjórnarinnar frá 2006 á áhrifum þess að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir tæki einnig til flugstarfsemi, að flugstarfsemi hefði áhrif á loftslagið í heiminum með annarri losun en koltvísýringslosun. Í 4. mgr. 30. gr. tilskipunar 2003/87/EB, eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410⁽¹⁰⁾, var þess krafist að framkvæmdastjórnin legði fram, fyrir 1. janúar 2020, uppfærða greiningu á öðrum áhrifum á flugstarfsemi en frá koltvísýringi og henni átti að fylgja, eftir því sem við á, tillaga um hvernig best væri að taka á þessum áhrifum. Til að uppfylla þessa kröfu innti Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins af hendi uppfærða greiningu á öðrum áhrifum frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi á loftslagsbreytingar og birti rannsókn sína 23. nóvember 2020. Niðurstöður þeirrar rannsóknar staðfestu fyrra mat, þ.e. að önnur áhrif á loftslag frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi eru í heildina a.m.k. jafn umtalsverð og áhrifin frá koltvísýringi einum og sér.
- 11) Af niðurstöðum úr rannsókn Flugöryggisstofnunar Evrópu frá 23. nóvember 2020 leiðir að í samræmi við varúðarregluna er ekki lengur unnt að líta fram hjá öðrum áhrifum frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi. Þörf er á stjórnvaldsráðstöfunum Sambandsins til að ná fram samdrætti í losun í samræmi við Parísarsamninginn. Þess vegna ætti framkvæmdastjórnin að koma á ramma um vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun á öðrum áhrifum frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi. Á grundvelli niðurstaðnanna frá þeim ramma ætti framkvæmdastjórnin að leggja fram skýrslu, eigi síðar en 1. janúar 2028, og, eftir því sem við á og á grundvelli mats á áhrifum, að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf, sem inniheldur mótvægisráðstafanir vegna annarra áhrifa frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi, með því að rýmka gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir þannig að það nái yfir slík áhrif.
- 12) Til þess að ná fram auknum metnaði í loftslagsmálum verður að beina eins mörgum úrræðum og unnt er í loftslagstengda umbreytingu sem ætti einnig að vera réttlát umskipti. Af þessu leiðir að nota ætti allar uppboðstekjur sem eru ekki ætlaðar í fjárlög Sambandsins í loftslagstengdum tilgangi.
- 13) Sameina ætti heildarfjölda losunarheimilda fyrir flugstarfsemi við úthlutanir fyrir flug þar sem skila þarf inn losunarheimildum í samræmi við tilskipun 2003/87/EB. Úthlutunin fyrir árið 2024 ætti að byggjast á heildarúthlutun til virkra umráðenda loftfara/flugrekenda á árinu 2023, lækkaðri um línulega samdráttarstuðulinn eins og um getur í þeirri tilskipun. Auka ætti úthlutun til að taka tillit til flugleiða sem féllu ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á árinu 2023 en koma til með að falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir frá og með árinu 2024.
- 14) Aukin hlutdeild uppboða frá og með árinu eftir að þessi tilskipun öðlast gildi ætti að vera reglan fyrir úthlutun losunarheimilda fyrir fluggeirann, að teknu tilliti til getu geirans til að velta auknum kostnaði af koltvísýringi áfram. Hverfa ætti frá úthlutun án endurgjalds í áföngum á árunum 2024 og 2025 og koma á uppboðum á öllum losunarheimildum frá og með árinu 2026.
- 15) Tilskipun 2003/87/EB ætti að stuðla að því að skapa hvata fyrir afkolun flutningaflugs. Umbreytingin frá notkun jarðefnaeldsneytis kemur til með að gegna hlutverki við að ná fram slíkri afkolun. Að teknu tilliti til mikillar samkeppni milli umráðenda loftfara/flugrekenda, þróunar á markaði Sambandsins fyrir sjálfbær flugvélaeldsneyti og verulegs verðmunar milli jarðefnasteinolíu og sjálfbærs flugvélaeldsneytis ætti þó að styðja við þessa umbreytingu með því að skapa hvata fyrir brautryðjendur. Á tímabilinu frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2030 ætti því að setja 20 milljónir losunarheimilda í varsjóð í því skyni að úthluta þeim til að standa straum af hluta af því sem eftir stendur af verðmuninum milli jarðefnasteinolíu og flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir til einstakra umráðenda loftfara/flugrekenda. Þessar losunarheimildir ættu að koma úr potti samanlagðra losunarheimilda sem eru til ráðstöfunar fyrir flugstarfsemi og einungis ætti að úthluta þeim, án mismununar, fyrir flug sem falla undir skuldbindinguna um innskil í tilskipun 2003/87/EB. Í kjölfar mats á starfsemi þessa varsjóðs gæti framkvæmdastjórnin ákveðið að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að úthluta takmörkuðum og tímabundnum fjölda losunarheimilda. Slík úthlutun ætti einungis að standa yfir til 31. desember 2034.

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/410 frá 14. mars 2018 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarskerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 (Stjtið. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3).

- 16) Flutningaflug yfir hljóðhraða hætti m.a. að vera í boði vegna óhóflega mikilla umhverfisspjalla sem það olli. Engu að síður sýnir núverandi leitni að ítarlegar rannsóknir hafa verið gerðar á endurkomu flugs yfir hljóðhraða. Jákvæð fylgni milli ferðahraða og losunarmagns vegna eldsneytisnotkunar réttlætir það að meðhöndla flug undir hljóðhraða á annan hátt en flug yfir hljóðhraða. Því þykir rétt að undanskilja hugsanleg flug yfir hljóðhraða í framtíðinni frá stuðningnum sem kveðið er á um samkvæmt þessari tilskipun fyrir eldsneyti sem er ekki jarðefnaeldsneyti.
- 17) Einnig ætti að breyta tilskipun 2003/87/EB, að því er varðar ásættanlegar einingar til hlítningar, til að taka tillit til hæfisviðmiðana fyrir losunareiningar innan ramma kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samþykkti á 216. fundi sínum í mars 2019 sem mikilvægan þátt í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi. Umráðendur loftfara/flugrekendur með staðfestu í Sambandinu ættu að geta notað einingar til hlítningar við kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir flug til eða frá eða á milli þriðju landa sem litið er svo á að séu þátttakendur í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi. Til að tryggja að framkvæmdin á kerfi Sambandsins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi styðji við markmiðin í Parísarsamningnum og skapi hvata til viðtækrar þátttöku í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi ættu einingar til hlítningar að vera upprunnar frá ríkjum sem eru aðilar að Parísarsamningnum og sem taka þátt í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi og komast ætti hjá tvítalningu.
- 18) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir notkun á einingum í samræmi við tilskipun 2003/87/EB ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja skrá yfir einingar sem byggja á þeim sem ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hefur talið ásættanlegar til notkunar til hlítningar við kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi og sem uppfylla skilyrðin um hæfi sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽¹⁾.
- 19) Til að tryggja samræmd skilyrði varðandi nauðsynlegar ráðstafanir til að fá leyfi frá þátttökuaðilum, tímanlegar aðlaganir á skýrslugjöf um losun frá upptökum af mannavöldum og upptöku í viðtaka sem fellur undir landsákvörðuð framlög aðila sem eru þátttakendur og til að komast hjá tvítalningu og hreinni aukningu á hnattrænni losun ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að mæla fyrir um nákvæmar kröfur varðandi slíkar ráðstafanir. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.
- 20) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir útreikningi á jöfnunarkröfum fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur með staðfestu í Sambandinu ætti að fela framkvæmdastjórninni samsvarandi framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.
- 21) Þar eð ætlunin er að framkvæmd og framfylgd kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur með staðfestu utan Sambandsins sé eingöngu á ábyrgð heimalands þessara umráðenda loftfara/flugrekenda ætti ekki að gera þá kröfu að umráðendur loftfara/flugrekendur með staðfestu utan Sambandsins ógildi einingar til hlítningar við kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi samkvæmt þessari tilskipun.
- 22) Þar eð ætlunin er að framkvæmd og framfylgd kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur með staðfestu utan Sambandsins sé eingöngu á ábyrgð heimalands þessara umráðenda loftfara/flugrekenda getur viðkomandi ríki, ef umráðandi loftfars/flugrekandi með staðfestu utan Sambandsins er með verulega losun frá flugi innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fer frá flugvelli sem er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu til flugvallar sem er staðsettur í Sviss eða í Breska konungsríkinu þar sem viðkomandi umráðandi loftfars/flugrekandi er með staðfestu, einnig tilkynnt um mismun, að því er varðar beitingu kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, er varðar flug innan Evrópu. Endurskoða ætti tilskipun 2003/87/EB reglulega í ljósi þróunar að því er þetta varðar.
- 23) Til að tryggja jafna meðferð á flugleiðum ættu flug til og frá ríkjum sem eru ekki með kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi í framkvæmd að því er varðar lög Sambandsins, önnur en flug sem fara frá flugvelli sem er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu og lenda á flugvelli sem er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu, í Sviss eða í Breska konungsríkinu, að vera undanþegin þeirri skyldu að skila inn losunarheimildum eða ógilda einingar. Til að skapa hvata til fullrar innleiðingar á kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi frá og með 2027 ætti undanþágan einungis að gilda um losun fram til 31. desember 2026 í tengslum við innskil losunarheimilda.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

- 24) Í 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) er kveðið á um að umhverfisstefna Sambandsins skuli stuðla að því að efla ráðstafanir á alþjóðavettvangi til að berjast gegn loftslagsbreytingum og gerð sú krafa að Sambandið og aðildarríkin, hvert á sínu valdsviði, eigi samstarf við þriðju lönd og við lögbærar alþjóðastofnanir. Þessi markmið skipta einnig máli fyrir Alþjóðaflugmálastofnunina og frekari þróun kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi.
- 25) Gagnsæi gagna og aðgangur almennings að upplýsingum eru mikilvæg til að bæta ábyrgð og framfylgd. Þess vegna ætti framkvæmdastjórnin að birta gögn um losun og jöfnun umráðenda loftfara/flugrekenda á notendavænan hátt. Slík birting myndi auðvelda matið á áhrifum kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi á hnattrænan samdrátt koltvísyringslosunar ásamt hlutverki þess við að ná fram markmiðum Parísarsamningsins.
- 26) Flug til og frá þeim löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun og þróunarríkjum sem eru lítil eyriki, í skilningi Sameinuðu þjóðanna, sem eru ekki með kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi í framkvæmd að því er varðar lög Sambandsins, önnur en ríki með jafnmikla eða meiri verga landsframléiðslu á mann en meðaltalið í Sambandinu, ættu að vera undanþegin þeirri skyldu að skila inn losunarheimildum eða ógilda einingar. Það ætti ekki að vera nein lokadagsetning á þeirri undanþágu.
- 27) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir því að veita umráðendum loftfara/flugrekendum undanþágu frá jöfnunarkröfum eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun, að því er varðar losun frá flugi til og frá ríkjum sem beita kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi á vægari hátt í landslögum sínum eða vanrækja að framfylgja ákvæðunum í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi með sama hætti og allir umráðendur loftfara/flugrekendur samkvæmt þessari tilskipun, ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að veita umráðendum loftfara/flugrekendum með staðfestu í Sambandinu undanþágu frá jöfnunarkröfum að því er varðar losun frá flugi þar sem veruleg röskun á samkeppni er fyrir hendi sem skaðar umráðendur loftfara/flugrekendur með staðfestu í Sambandinu vegna vægari framkvæmdar eða framfylgdar á kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi í þriðju löndum. Röskun á samkeppni gæti stafað af vægari nálgun varðandi einingar sem uppfylla viðmiðanir eða ákvæði um tvítalningu. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.
- 28) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir því að koma á jöfnum samkeppnisskilyrðum varðandi flugleiðir milli tveggja mismunandi ríkja sem beita kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, þegar þessi ríki heimila umráðendum loftfara/flugrekendum að nota aðrar einingar en þær sem eru á skránni yfir einingar til hlítningar sem er samþykkt samkvæmt framkvæmdargerð samkvæmt þessari tilskipun, ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að heimila umráðendum loftfara/flugrekendum með staðfestu í Sambandinu að nota einingategundir til viðbótar við þær sem eru í þeirri skrá yfir einingar til hlítningar eða að vera ekki bundnir af þeim skilyrðum fyrir hæfi eininga sem eru innleidd með þessari tilskipun. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.
- 29) Framkvæmdastjórnin ætti að gefa skýrslu um framkvæmd kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi og ráðstafanakörfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar til að uppfylla hnattrænt metnaðarfullt langtímamarkmið í alþjóðaflugi um að kolefnislosunin verði engin fyrir 2050 (hnattrænt metnaðarfullt langtímamarkmið) sem var samþykkt á 41. þingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar 7. október 2022.
- 30) Til þess að stuðla að framvindu hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni hefur Sambandið þrisvar samþykkt tímabundnar undanþágur frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir til þess að takmarka skyldur sem verður að uppfylla varðandi losun frá flugi milli flugvalla, sem eru staðsettir á Evrópska efnahagssvæðinu, þannig að flugleiðir umráðenda loftfara/flugrekenda njóti jafnrar meðferðar, óháð því hvar þeir hafa höfuðstöðvar. Nýjasta undanþágan frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2392 ⁽¹²⁾, takmarkaði skyldur sem verður að uppfylla varðandi losun frá flugi innan Evrópska efnahagssvæðisins fram til 2023 og þar var gert ráð fyrir hugsanlegum breytingum á gildissviði kerfisins að því er varðar starfsemi til og frá flugvöllum, sem eru staðsettir utan Evrópska efnahagssvæðisins, frá og með 1. janúar 2024 í kjölfar endurskoðunarinnar sem sett er fram í þeirri reglugerð. Til að meta framkvæmd kerfisins til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, en prófunaráfangi þess er hafinn, og hvernig því er beitt í reynd ætti að framlengja núverandi undanþágu frá skuldbindingunum í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, að því er varðar skuldbindingarnar um innskil, til 31. desember 2026 fyrir flug sem umráðendur loftfara/flugrekendur starfrækja á flugleiðum sem falla ekki undir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi til og frá viðkomandi þriðju löndum þar sem skuldbindingar um skýrslugjöf og innskil í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir myndu annars koma til framkvæmda frá og með 31. mars 2027 og 30. september 2027. Þetta ætti að vera síðasta tímabundna undanþágan frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Endurskoðun á kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi ætti að fara fram eigi síðar en 1. júlí 2026. Ef

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2392 frá 13. desember 2017 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að viðhalda núverandi takmörkunum á umfangi flugstarfsemi og til að undirbúa framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar frá 2021 (Stjtið. ESB L 350, 29.12.2017, bls. 7).

kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi verður ekki styrkt á þingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar eigi síðar en 31. desember 2025, í samræmi við að ná fram hnattrænu metnaðarfullu langtímamarkmiði þess í átt að því að ná markmiðum Parísarsamningsins, eða ef ríki sem eru skráð í framkvæmdargerð sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja losa minna en 70% af alþjóðlegri losun frá flugstarfsemi samkvæmt nýjustu aðgengilegu gögnum, ætti framkvæmdastjórnin að leggja til, eins og við á, að viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gildi um losun frá brottflugi frá árinu 2027 og að umráðendur loftfara/flugrekendur geti dregið frá allan kostnað af jöfnun í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi á þessum flugleiðum til að komast hjá tvöfaldri gjaldtöku. Á sama tíma, ef þriðja land beitir ekki kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi frá árinu 2027, ætti viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir að gilda um losun frá flugi sem fer til þessa þriðja lands.

- 31) Gera ætti upplýsingar um notkun eininga til hlitingar við jöfnunarkröfur samkvæmt kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi aðgengilegar öllum á ekki síður gagnsæjan hátt en þegar um er að ræða upplýsingar um notkun á alþjóðlegum inneignum samkvæmt tilskipun 2003/87/EB fram til 2020 skv. XIV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 ⁽¹³⁾.
- 32) Hinn 7. október 2022 og í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn ákvað 41. þing Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að breyta fyrri grunnviðmiðun fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi fyrir tímabilið frá 2024 til 2035 úr meðaltalinu af koltvísyringslosuninni 2019 og 2020 í 85% af koltvísyringslosuninni 2019. Meðaltalið af allri uppgefinni koltvísyringslosun 2019 og 2020 var 435 859 594 tonn. Koltvísyringslosunin 2019 var 608 076 604 tonn og 85% af þeirri tölu eru 516 865 113 tonn. Raunveruleg grunnviðmiðun sem Alþjóðaflugmálastofnunin notar til að reikna út vaxtarþátt geirans er þó ákvörðuð með því að nota hlutmengi koltvísyringslosunar þar sem einungis er tekið tillit til losunar á flugleiðum sem falla undir jöfnunarkröfur. Að því er varðar hlutmengi allra ríkjapara sem falla undir jöfnunarkröfur á árinu 2021 hefur Alþjóðaflugmálastofnunin ekki birt meðaltal koltvísyringslosunar fyrir árin 2019 og 2020 en áætlað er að hún verði í kringum 245 milljónir tonna og koltvísyringslosunin á árinu 2019 var 341 380 188 tonn; 85% af því eru 290 173 160 tonn. Að því er varðar ríkjapör sem búið er við að falli undir jöfnunarkröfur á árinu 2027 er áætlað að meðaltal koltvísyringslosunar á árunum 2019 og 2020 verði í kringum 373 milljónir tonna en áætlað er að 85% af samsvarandi koltvísyringslosun á árinu 2019 verði í kringum 439 milljónir tonna.
- 33) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir því að koma á fót skrá yfir ríki sem litið er svo á að beiti kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi að því er varðar tilskipun 2003/87/EB ætti að veita framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja og viðhalda skránni yfir ríki, önnur en ríki Evrópska efnahagssvæðisins, Sviss og Breska konungsríkið, sem teljast vera þátttakendur í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi að því er varðar lög Sambandsins. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 182/2011.
- 34) Við umbreytingu fluggeirans í átt að sjálfbærri flugstarfsemi verður að taka tillit til félagsmálaþáttar geirans og samkeppnishæfni hans til að tryggja að umbreytingin sé samfélagslega réttlát og bjóði upp á þjálfun, endurmenntun og viðbótarþjálfun fyrir starfsfólk. Framkvæmdastjórnin ætti að leggja skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar og félagsleg áhrif hennar á fluggeirann fyrir Evrópuþingið og ráðið.
- 35) Flugferðir sem eru 1000 kílómetrar eða styttri valda 6 til 9% af heildarkoltvísyringslosun frá flugstarfsemi. Framkvæmdastjórnin ætti að leggja fram skýrslu um ráðstafanir til að stuðla að umskiptum yfir í annars konar, sjálfbærari flutningsmáta meðan beðið er eftir tímamótatækni og tiltækileika eldsneytis og loftfara með enga losun í flugstarfsemi.
- 36) Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir hefur gilt um flugstarfsemi frá árinu 2012 en pakkinn „Fær í 55%“ (e. *Fit for 55*) inniheldur viðbótarráðstafanir sem, ásamt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, gæti haft uppsöfnuð áhrif á geirann. Til þess að tryggja tengjanleika í flugsamgöngum sem þjóna eysvæðum eða litlum flugvöllum ætti fyrirkomulagið samkvæmt þessari tilskipun, sem er hannað til að brúa það sem eftir stendur af verðmuninum milli jarðefnaeldsneytis og staðgöngukosta þess, að takmarka neikvæð áhrif á tengjanleika í flugsamgöngum og draga úr áhættu á kolefnisleka. Eigi síðar en 2026 ætti framkvæmdastjórnin að gefa skýrslu um hugsanleg áhrif á tengjanleika í flugsamgöngum.
- 37) Laga ætti losunarstuðullinn fyrir þotusteinolíu (Jet A1 eða Jet A) samkvæmt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir að losunarstuðlinum fyrir þetta eldsneyti sem er fastsettur í kröfum og ráðlögðum starfsvenjum fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSIA SARPs). Ekki ætti að gera neinar breytingar á úthlutunarmagni vegna hærri losunarstuðuls fyrir þotusteinolíu vegna þess að af þessari tilskipun leiðir að verið er að hverfa í áföngum frá úthlutun án endurgjalds til flugstarfsemi í þágu uppboða til að skila meiri samdrætti á losun.

⁽¹³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 389/2013 frá 2. maí 2013 um stofnun skrár Sambandsins samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB og nr. 406/2009/EB og um niðurfellingu reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 920/2010 og nr. 1193/2011 (Stjtið. ESB L 122, 3.5.2013, bls. 1).

- 38) Endurnýjanlegt eldsneyti af ólifrænum uppruna, þar sem notað er vetni frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er í samræmi við 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001⁽¹⁴⁾ ætti að teljast vera með enga losun fyrir þá umráðendur loftfara/flugrekendur sem nota það þar til ítarlegar reglur um viðeigandi bókhald hafa verið fastsettar samkvæmt þessari tilskipun.
- 39) Í því skyni að fastsetja ítarlegar reglur um árlegan útreikning á mismuninum á kostnaði milli jarðefnasteinolíu og eldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir í samræmi við reglugerð um að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir sjálfbæra flutninga í lofti, um úthlutun losunarheimilda vegna notkunar á slíku eldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir og um útreikning á minni losun gróðurhúsalofttegunda sem leiðir af notkun á slíku eldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir, sem og að fastsetja ráðstafanir til að taka tillit til hvata sem verða til vegna kolefnisverðs og vegna samræmds lágmarksskattþreps á jarðefnaeldsneyti, ætti að fela framkvæmdastjórnin vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU). Að auki ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), í því skyni að setja fram ítarlegar ráðstafanir um uppboð aðildarríkjanna á losunarheimildum vegna flugstarfsemi, þ.m.t. ítarlegar ráðstafanir um uppboð sem eru nauðsynleg til að færa hluta af tekjunum af slíkum uppboðum í almenn fjárlög Sambandsins sem eigin tekjur. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016⁽¹⁵⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 40) Huga ætti sérstaklega að því að stuðla að aðgengi fyrir ystu svæði Sambandsins. Þess vegna ætti að kveða á um tímabundna undanþágu, til 31. desember 2030, frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir vegna losunar frá flugi milli flugvallar sem er staðsettur á ysta svæði aðildarríkis og flugvallar sem er staðsettur utan þessa ysta svæðis í sama aðildarríki til að bregðast við mikilvægustu þörfum íbúa með tilliti til atvinnu, menntunar og annarra tækifæra. Af sömu ástæðum ætti þessi undanþága að taka til flugs milli flugvalla sem eru báðir staðsettir á sama ysta svæði eða á mismunandi ystu svæðum í sama aðildarríki.
- 41) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/136⁽¹⁶⁾ skal gilda að því er varðar tilkynningu til umráðenda loftfara/flugrekenda, sem aðildarríkin skulu inna af hendi eigi síðar en 30. nóvember 2023 samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, að því tilskildu að vaxtarþáttur geirans fyrir losun á árinu 2022, sem Alþjóðaflugmálastofnunin skal birta, sé jafn og núll.
- 42) Heildstæð nálgun að nýsköpun er mikilvæg til að ná markmiðum Græna samkomulagsins í Evrópu og vegna samkeppnishæfni iðnaðar í Evrópu. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir geira sem erfitt er að afkola, s.s. flugstarfsemi og siglingar, þar sem taka verður í notkun samsetningu af rekstrarlegum úrbótum, annars konar loftslagshlutlaust eldsneyti og tæknilausnir. Þess vegna ættu aðildarríkin að tryggja að landsbundin lögleiðingarákvæði hindri ekki nýsköpun og séu tæknilega hlutlaus. Nauðsynlegt átak í rannsóknum og nýsköpun nýtur stuðnings á vettvangi Sambandsins, m.a. í gegnum Horizon Europe – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun, sem inniheldur verulega fjármögnun og nýja gerninga fyrir þá geira sem falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
- 43) Nýsköpunarsjóðurinn, sem komið var á fót með tilskipun 2003/87/EB, skal styðja rannsóknir á og þróun og beitingu lausna til afkolunar, þ.m.t. tækni með enga losun, og draga úr loftslags- og umhverfisáhrifum frá fluggeiranum. Hann skal einnig styðja rafvæðingu og aðgerðir til að draga úr heildaráhrifum af flugstarfsemi.

⁽¹⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Stjtið. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 82).

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽¹⁶⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/136 frá 18. janúar 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar tilkynningu um jöfnun er varðar hnattræna markaðstengda ráðstöfun fyrir flugrekendur með staðfestu í Sambandinu (Stjtið. ESB L 19, 20.1.2023, bls. 1).

- 44) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja framlag flugstarfsemi til markmiðs Sambandsins um samdrátt á losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið og að koma kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi til framkvæmda á viðeigandi hátt í lögum Sambandsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 45) Aðildarríkin ættu að leiða þessa tilskipun í lög eigi síðar en 31. desember 2023 í ljósi þess hversu brýn þörf er á loftslagsaðgerðum og til að allir gearar leggi sitt af mörkum til samdráttar á losun á kostnaðarhagkvæman hátt.
- 46) Einföldun stjórnsýslumeðferða og aðlögun þessara meðferða að bestu starfsvenjum ætti að halda stjórnsýsluálaginu í lágmarki.
- 47) Því ætti að breyta tilskipun 2003/87/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/87/EB

Tilskipun 2003/87/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi lið er bætt við 3. gr.:

„v) „önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koltvísýringi“: áhrif á loftslagið, sem verða við brennslu eldsneytis, af losun köfnunarefnisoxíða (NOx), sótagna og oxaðra brennisteinstegunda og áhrif frá vatnsgufu, þ.m.t. flugslóðar, frá loftfari sem stundar flugstarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka,“.

- 2) Ákvæðum 3. gr. c er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæði 2. mgr. falla brott.

- b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„5. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða heildarfjölda losunarheimilda sem skal úthluta að því er varðar umráðendur loftfara/flugrekendur fyrir árið 2024, á grundvelli heildarúthlutunar losunarheimilda að því er varðar umráðendur loftfara/flugrekendur sem stunduðu flugstarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka á árinu 2023, lækkaðan um línulega samdráttarstuðulinn eins og um getur í 9. gr., og skal birta þennan fjölda, sem og fjölda úthlutana án endurgjalds sem hefði verið úthlutað á árinu 2024 samkvæmt reglunum um úthlutun án endurgjalds sem voru í gildi fyrir breytingarnar sem voru innleiddar með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/958 (*).

6. Að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2030 skal setja að hámarki 20 milljónir af heildarfjölda losunarheimilda, sem um getur í 5. mgr., í varasjóð að því er varðar umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með rekstur í atvinnuskyni, á grundvelli gagnsæis, jafnrar meðferðar og banns við mismunun, til notkunar á sjálfbæru flugvélaeldsneyti og öðru flugvélaeldsneyti, sem er ekki úr jarðefnaeldsneyti, og sem er tilgreint í reglugerð um að tryggja jöfn samkeppnis-kilyrði fyrir sjálfbæra flutninga í lofti sem verði tekið með í reikninginn til að ná því lágmarkshlutfalli af sjálfbæru flugvélaeldsneyti sem krafist er samkvæmt þeirri reglugerð að flugvélaeldsneyti, sem birgjar flugvélaeldsneytis láta umráðendum loftfara/flugrekendum á flugvöllum Sambandsins í té, innihaldi fyrir flug undir hljóðhraða þar sem skila þarf inn losunarheimildum í samræmi við 3. mgr. 12. gr. þessarar tilskipunar. Ef ekki er unnt að tengja flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir efnislega við tiltekið flug á flugvelli skulu losunarheimildir, sem eru settar í varasjóð samkvæmt þessari undirgrein, vera til reiðu fyrir flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir, sem er áfyllt á þessum flugvelli í réttu hlutfalli við losun frá flugi umráðanda loftfars/flugrekanda frá þessum flugvelli, þar sem skila þarf inn losunarheimildum í samræmi við 3. mgr. 12. gr. þessarar tilskipunar.

Aðildarríkin skulu útteila þeim losunarheimildum sem eru settar í varasjóð samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar til að standa straum af hluta af eða öllum verðmuninum milli notkunar á jarðefnasteinolíu og notkunar á viðkomandi flugvélaeldsneyti sem uppfyllir viðmiðanir, að teknu tilliti til hvata vegna kolefnisverðs og vegna samræmds lágmarksskattþreps á jarðefnaeldsneyti. Við útreikning á þessum verðmun skal framkvæmdastjórnin taka tillit til tækniskýrslunnar sem Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins birtir samkvæmt reglugerð um að tryggja jöfn samkeppnis-kilyrði fyrir sjálfbæra flutninga í lofti. Aðildarríkin skulu tryggja að fjármögnun samkvæmt þessari málsgrein sé sýnileg með þeim hætti að það samræmist kröfunum í a- og b-lið 1. mgr. 30. gr. m í þessari tilskipun.

Losunarheimildir sem er úthlutað samkvæmt þessari málsgrein skulu taka til:

- a) 70% af því sem eftir stendur af verðmuninum milli notkunar á jarðefnasteinolíu og vetnis frá endurnýjanlegum orkugjöfum og háþróaðs lífoldsneytis, eins og það er skilgreint í 34. lið annarrar undirgreinar 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 (**), sem er með losunarstuðulinn núll skv. IV. viðauka eða samkvæmt framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 14. gr. þessarar tilskipunar,
- b) 95% af því sem eftir stendur af verðmuninum milli notkunar á jarðefnasteinolíu og endurnýjanlegu eldsneyti af ólífrænum uppruna sem er í samræmi við 25. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001, sem er notað í flugstarfsemi, sem er með losunarstuðulinn núll skv. IV. viðauka eða samkvæmt framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 14. gr. þessarar tilskipunar,
- c) 100% af því sem eftir stendur af verðmuninum milli notkunar á jarðefnasteinolíu og sérhvers flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir, sem er ekki úr jarðefnaeldsneyti, sem fellur undir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, á flugvöllum sem eru staðsettir á eyjum sem eru minni en 10 000 km² og hvorki með vega- né jámbrautartengingu við meginlandið, á flugvöllum sem eru ekki nógu stórir til að vera skilgreindir sem flugvellir Sambandsins í samræmi við reglugerð um að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir sjálfbæra flutninga í lofti og á flugvöllum sem eru staðsettir á ysta svæði,
- d) í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í a-, b- og c-lið, 50% af því sem eftir stendur af verðmuninum milli notkunar á jarðefnasteinolíu og sérhvers flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir, sem er ekki úr jarðefnaeldsneyti, sem fellur undir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Við úthlutun losunarheimilda samkvæmt þessari málsgrein er heimilt að taka tillit til mögulegs stuðnings frá öðrum áætlunum á landsbundnum vettvangi.

Umráðendum loftfara/flugrekendum sem eru með rekstur í atvinnuskyni er heimilt, á ársgrundvelli, að sækja um úthlutun losunarheimilda sem grundvallast á magni hvers flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir, sem um getur í þessari málsgrein, sem er notað í flugferðum þar sem skila þarf inn losunarheimildum í samræmi við 3. mgr. 12. gr. á tímabilinu frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2030, að undanskildum flugferðum þar sem lituð er svo á að krafan sé uppfyllt skv. 1. mgr. 28. gr. a. Ef eftirspurn eftir losunarheimildum vegna notkunar á slíku eldsneyti er meiri en tiltækileiki losunarheimilda á tilteknu ári skal draga úr fjölda losunarheimilda með samræmdum hætti fyrir alla umráðendur loftfara/flugrekendur sem úthlutunin fyrir þetta ár varðar.

Framkvæmdastjórnin skal birta upplýsingar á ársgrundvelli fyrir næstliðið ár um meðaltal mismunar á kostnaði vegna jarðefnasteinolíu, að teknu tilliti til hvata vegna kolefnisverðs og vegna samræmds lágmarksskattþreps á jarðefnaeldsneyti, og viðkomandi flugvélaeldsneytis sem uppfyllir viðmiðanir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun með því að fastsetja ítarlegar reglur um árlegan útreikning á mismuninum á kostnaði sem um getur í sjöttu undirgrein þessarar málsgreinar, um úthlutun losunarheimilda vegna notkunar á eldsneytinu sem er tilgreint í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar og um útreikning á minni losun gróðurhúsalofttegunda sem leiðir af notkun á þessu eldsneyti, eins og kemur fram í skýrslu samkvæmt framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 1. mgr. 14. gr., og til að fastsetja ráðstafanir til að taka tillit til hvata vegna kolefnisverðs og vegna samræmds lágmarksskattþreps á jarðefnaeldsneyti.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. janúar 2028, framkvæma mat að því er varðar beitingu þessarar málsgreinar og skila niðurstöðunum úr því mati tímanlega í skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins. Með skýrslunni má fylgja, eftir því sem við á, tillaga að nýrri lögjöf til að úthluta takmörkuðum og tímabundnum fjölda losunarheimilda fram til 31. desember 2034 til að skapa frekari hvata til notkunar á eldsneytinu sem er tilgreint í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, einkum notkun á endurnýjanlegu eldsneyti af ólífrænum uppruna sem er í samræmi við 25. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001, sem er notað í flugstarfsemi, sem er með losunarstuðulinn núll skv. IV. viðauka eða samkvæmt framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 14. gr. þessarar tilskipunar.

Frá og með 1. janúar 2028 skal framkvæmdastjórnin meta beitingu þessarar málsgreinar í ársskýrslunni sem krafist er að hún leggi fram skv. 5. mgr. 10. gr.

7. Að því er varðar flug sem fara frá flugvelli sem er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu, sem lenda á flugvelli sem er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu, í Sviss eða Breska konungsríkinu og sem féllu ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á árinu 2023, skal heildarfjöldi losunarheimilda, sem skal úthluta til umráðenda loftfara/flugrekenda, aukinn um það magn losunarheimilda, þ.m.t. úthlutun án endurgjalds og uppboð, sem hefði verið úthlutað ef þeir hefðu fallið undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á því ári, lækkaðar um línulega samdráttarstuðulinn eins og um getur í 9. gr.

8. Þrátt fyrir 12. gr. (3. mgr.), 14. gr. (3. mgr.) og 16. gr. skulu aðildarríkin líta svo á að kröfurnar sem eru settar fram í þessum ákvæðum séu uppfylltar og skulu ekki grípa til neinna aðgerða gegn umráðendum loftfara/flugrekendum að því er varðar losun fram til 31. desember 2030 frá flugi milli flugvallar sem er staðsettur á ysta svæði aðildarríkis og flugvallar sem er staðsettur í sama aðildarríki, þ.m.t. annar flugvöllur sem er staðsettur á sama ysta svæðinu eða í öðru ysta svæði í sama aðildarríki.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/958 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB að því er varðar framlag flugstarfsemi til markmiðs Sambandsins um samdrátt á losun sem hefur áhrif á allt hagkerfið og viðeigandi framkvæmd hnattrænnar markaðstengdar ráðstöfunar (Stjtið. ESB L 130, 16.5.2023, bls. 115).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Stjtið. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 82).“

3) Ákvæðum 3. gr. d er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Á árunum 2024 og 2025 skal bjóða upp 15% af losunarheimildunum sem um getur í 5. og 7. mgr. 3. gr. c, sem og 25% á árinu 2024 og 50% á árinu 2025, eftir því sem við á, af þeim 85% sem eftir standa af þeim losunarheimildum sem hefði verið úthlutað án endurgjalds, að undanskildum þeim fjölda losunarheimilda sem um getur í 6. mgr. 3. gr. c og fjórðu undirgrein 8. mgr. 10. gr. a. Því sem eftir stendur af losunarheimildum fyrir þessi ár skal úthlutað án endurgjalds.

Frá og með 1. janúar 2026 skal bjóða upp allar losunarheimildirnar sem hefði verið úthlutað án endurgjalds á því ári, að undanskildum þeim fjölda losunarheimilda sem um getur í 6. mgr. 3. gr. c og fjórðu undirgrein 8. mgr. 10. gr. a.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1a. Losunarheimildum sem er úthlutað án endurgjalds skal úthlutað til umráðenda loftfara/flugrekenda í réttu hlutfalli við hlutdeild þeirra í sannprófaðri losun frá flugstarfsemi sem kemur fram í skýrslu fyrir árið 2023. Við þennan útreikning skal einnig taka tillit til sannprófaðrar losunar frá flugstarfsemi sem kemur fram í skýrslu að því er varðar flug sem fellur ekki undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir fyrir en frá og með 1. janúar 2024. Eigi síðar en 30. júní á viðkomandi ári skulu lögbær yfírvöld gefa út þær losunarheimildir sem er úthlutað án endurgjalds á því ári.“

c) Ákvæði 2. mgr. falla brott.

d) Í stað 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun varðandi ítarlegar ráðstafanir um uppboð aðildarríkjanna á losunarheimildum vegna flugstarfsemi í samræmi við 1. mgr. og 1. mgr. a í þessari grein, þ.m.t. ítarlegar ráðstafanir um uppboð sem eru nauðsynleg vegna færslu á hluta af tekjunum af slíkum uppboðum í almenn fjárlög Sambandsins sem eigin tekjur í samræmi við þriðju málsgrein 311. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU). Fjöldi losunarheimilda, sem hvert aðildarríki býður upp á hverju tímabili, skal vera í réttu hlutfalli við hlutdeild aðildarríkisins í heildarlosun sem rakin er til flugstarfsemi fyrir öll aðildarríkin fyrir viðmiðunarárið sem kemur fram í skýrslu skv. 3. mgr. 14. gr. og er sannprófuð skv. 15. gr. Fyrir hvert tímabil sem um getur í 13. gr. skal viðmiðunarárið vera almanaksárið sem lýkur 24 mánuðum áður en tímabilið hefst sem tengist uppboðinu. Framseldar gerðir skulu tryggja að meginreglurnar, sem settar eru fram í fyrstu undirgrein 4. mgr. 10. gr., séu virtar.

4. Aðildarríkin skulu ákvarða hvernig tekjur sem eru tilkomnar vegna uppboðs á losunarheimildum sem falla undir þennan kafla verða notaðar, að undanskildum tekjum sem er ákvarðað að séu eigin tekjur í samræmi við þriðju málsgrein 311. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) og færðar í almenn fjárlög Sambandsins. Aðildarríkin skulu nota tekjur sem eru tilkomnar vegna uppboðs á losunarheimildum eða jafngildi þessara tekna, metið til fjár, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. þessarar tilskipunar.“

4) Ákvæði 3. gr. e og 3. gr. f falla brott.

5) Ákvæðum 11. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1., 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um 2. og 3. mgr. þessarar greinar skulu umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, geta notað eftirfarandi einingar til að uppfylla skyldur sínar um að ógilda einingar að því er varðar fjöldann sem er tilkynntur skv. 6. mgr. 12. gr., eins og mælt er fyrir um í 9. mgr. 12. gr.:

a) inneignir sem aðilar hafa samþykkt sem eru þátttakendur í fyrirkomulaginu sem er fastsett skv. 4. mgr. 6. gr. Parísarsamningsins,

b) inneignir sem aðilar hafa samþykkt sem eru þátttakendur í inneignaráætlunum sem ráð Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar telur að uppfylli viðmiðanir í samræmi við framkvæmdargerð sem er samþykkt skv. 8. mgr.,

c) inneignir sem aðilar að samningum hafa samþykkt skv. 5. mgr.,

d) inneignir sem voru gefnar út vegna verkefna á vettvangi Sambandsins skv. 24. gr. a.

2. Heimilt er að nota einingar sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. ef eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

a) þær eru upprunnar í ríki sem er aðili að Parísarsamningnum þegar þær eru notaðar,

b) þær eru upprunnar í ríki sem er skráð í framkvæmdargerðina, sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a, sem þátttakandi í kerfi Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSA). Þetta skilyrði gildir hvorki að því er varðar losun fyrir 2027 né að því er varðar lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun eða þróunarríki sem eru lítil eyríki, í skilningi Sameinuðu þjóðanna, nema þau ríki þar sem verg landsframleiðsla á mann er jafnmikil eða meiri en meðaltalið í Sambandinu.

3. Heimilt er að nota einingarnar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. ef ráðstafanir eru fyrir hendi til að fá leyfi frá þátttökuaðilum, gerðar eru tímanlegar aðlaganir á skýrslugjöf um losun frá upptökum af mannavöldum og upptöku í viðtaka sem fellur undir landsákvörðuð framlög aðila sem eru þátttakendur og komist er hjá tvítalningu og hreinni aukningu á hnattrænni losun.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um ítarlegar kröfur varðandi ráðstafanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, sem geta tekið til krafna um skýrslugjöf og skráningu, og um skráningu þeirra ríkja eða áætlana þar sem þessum ráðstöfunum er beitt. Þessar ráðstafanir skulu taka mið af sveigjanleika sem löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun og þróunarríkjum sem eru lítil eyríki er veittur í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.“

b) Ákvæði 4. mgr. falla brott.

c) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„8. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir með skrá yfir einingar sem ráð Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar telur að uppfylli viðmiðanir og sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Framkvæmdastjórnin skal einnig samþykkja framkvæmdargerðir til að uppfæra þá skrá eins og við á. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.“

6) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Aðildarríkin skulu reikna út jöfnunarkröfur á hverju ári fyrir næstliðið almanaksár, í samræmi við aðferðafræðina sem er sett fram í framkvæmdargerðinni sem um getur í 8. mgr. þessarar greinar, að því er varðar flug til, frá og milli ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a og að því er varðar flug milli Sviss eða Breska konungsríkisins og ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a og upplýsa umráðendur loftfara/flugrekendur um það eigi síðar en 30. nóvember á hverju ári.

Aðildarríkin skulu einnig reikna út, í samræmi við aðferðafræðina sem er sett fram í framkvæmdargerðinni sem um getur í 8. mgr. þessarar greinar, samanlagðar endanlegar jöfnunarkröfur fyrir tiltekið reglufylgnitímabil í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi og eigi síðar en 30. nóvember, árið eftir síðasta árið í viðkomandi reglufylgnitímabili í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, skulu þau upplýsa umráðendur loftfara/flugrekendur, sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar, um þessar kröfur.

Aðildarríkin skulu upplýsa umráðendur loftfara/flugrekendur, sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði, um jöfnunarstigið:

- a) umráðendur loftfara/flugrekendur eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, og
- b) árleg koltvísyringslosun þeirra er meiri en 10 000 tonn vegna notkunar á flugvélum með skráðan hámarksflugtaks massa yfir 5 700 kg, þeir annast flug sem falla undir I. viðauka, önnur en þau sem fara frá eða lenda í sama aðildarríkinu, þ.m.t. ystu svæði sama aðildarríkisins, frá og með 1. janúar 2021.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal ekki taka tillit til koltvísyringslosunar frá eftirfarandi tegundum flugs:

- i. ríkisflugi,
- ii. flugi í mannúðarskyni,
- iii. sjúkraflugi,
- iv. herflugi,
- v. flugi til slökkvistarfa,
- vi. flugi á undan eða eftir flugi í mannúðarskyni, sjúkraflugi eða flugi til slökkvistarfa, að því tilskildu að slík flug hafi verið framkvæmd með sama loftfarinu og verið nauðsynleg til að sinna tengdri starfsemi í mannúðarskyni, sjúkra- eða slökkvistarfi eða til að skipta um staðsetningu loftfarsins eftir þessa starfsemi fyrir næstu starfsemi þess.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„8. Útreikningur á jöfnunarkröfum, sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar í tengslum við kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, skal gerður í samræmi við aðferðafræði sem framkvæmdastjórnin skal tilgreina að því er varðar flug til, frá og milli ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a og flug milli Sviss eða Breska konungsríkisins og ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem aðferðafræðin til að reikna út jöfnunarkröfur fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, er tilgreind.

Í þessum framkvæmdargerðum skal einkum gera nánar grein fyrir beitingu krafna sem leiða af viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar, einkum 3. gr. c, 11. gr. a, 12. gr. og 25. gr. a, og, að því marki sem mögulegt er í ljósi viðeigandi ákvæða í þessari tilskipun, af alþjóðlegum kröfum og ráðlögðum starfsvenjum varðandi umhverfisvernd fyrir kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi (CORSA SARP).

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 30. júní 2024.

9. Umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, skulu einungis ógilda einingar sem um getur í 11. gr. a fyrir þann fjölda sem viðkomandi aðildarríki tilkynnir um í samræmi við 6. mgr., að því er varðar viðkomandi reglufylgnitímabil í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi. Ógildingin skal fara fram eigi síðar en 31. janúar 2025 vegna losunar á tímabilinu 2021 til 2023 og eigi síðar en 31. janúar 2028 vegna losunar á tímabilinu 2024 til 2026.“

7) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 14. gr.:

„5. Umráðendur loftfara/flugrekendur skulu gefa skýrslu einu sinni á ári um önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koltvísyringi sem eiga sér stað frá og með 1. janúar 2025. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin samþykkja, eigi síðar en 31. ágúst 2024, framkvæmdargerð skv. 1. mgr. til að fella önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koltvísyringi inn í ramma um vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun. Þessi rammur um vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun skal a.m.k. innihalda fyrirliggjandi þrívíð gögn um feril loftfars og umhverfisraka og -hitastig til að gera það kleift að fá fram koltvísyringsjafngildi á hverja flugferð. Framkvæmdastjórnin skal tryggja, með fyrirvara um fyrirliggjandi tilföng, að fyrir hendi séu verkfæri til að auðvelda og, að því marki sem mögulegt er, gera vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun sjálfvirka til að lágmarka allt stjórnsýsluálag.

Frá og með 1. janúar 2025 skulu aðildarríkin tryggja að hver umráðandi loftfars/flugrekandi vakti og gefi lögbæru yfirlaldi skýrslu um önnur áhrif en frá koltvísyringi frá hverju loftfari sem hann starfrækir á hverju almanaksári, eftir lok hvers árs í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 1. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu á hverju ári frá árinu 2026, sem hluta af skýrslunni sem um getur í 5. mgr. 10. gr., um niðurstöður úr beitingu rammans um vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

Eigi síðar en 31. desember 2027 skal framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu, á grundvelli niðurstaðna um beitingu rammans um vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun á öðrum áhrifum frá flugstarfsemi en frá koltvísyringi, og, eftir því sem við á og eftir að hafa framkvæmt mat á áhrifum, tillögu að nýrri löggjöf til mótvægis við önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koltvísyringi með því að rýmka gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir til að það nái yfir önnur áhrif frá flugstarfsemi en frá koltvísyringi.

6. Framkvæmdastjórnin skal birta á notendavænan hátt a.m.k. eftirfarandi samantekin gögn um árlega losun frá flugstarfsemi, sem koma fram í skýrslu til aðildarríkjanna eða eru send framkvæmdastjórninni í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 (*) og 7. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603 (**), í síðasta lagi þremur mánuðum eftir viðkomandi lokadag skýrsluskila:

a) fyrir hvert flugvallarpar innan Evrópska efnahagssvæðisins:

- i. losun frá öllu flugi,
- ii. heildarfjöldi flugferða,
- iii. heildarfjöldi farþega,
- iv. tegundir loftfara,

b) fyrir hvern umráðanda loftfara/flugrekanda:

- i. gögn um losun frá flugi innan Evrópska efnahagssvæðisins, frá flugi sem fer frá Evrópska efnahagssvæðinu, flugi sem kemur til Evrópska efnahagssvæðisins og flugi milli tveggja þriðju landa, sundurliðað eftir ríkjapörum, og gögn um losun sem fellur undir þá skyldu að ógilda losunareiningar sem uppfylla viðmiðanir í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi,
- ii. fjöldi jöfnunarkrafna, reiknaður út í samræmi við 8. mgr. 12. gr.,
- iii. fjöldi og tegund inneigna skv. 11. gr. a sem eru notaðar til að fara að jöfnunarkröfum umráðanda loftfars/flugrekanda sem um getur í ii. lið þessa liðar,
- iv. magn og tegund eldsneytis sem er notað, sem er með losunarstuðulinn núll samkvæmt þessari tilskipun eða sem veitir umráðanda loftfars/flugrekanda rétt til að fá losunarheimildir skv. 6. mgr. 3. gr. c.

Að því er varðar a- og b-lið fyrstu undirgreinar er viðkomandi umráðanda loftfars/flugrekanda heimilt, í sérstökum aðstæðum ef umráðandi loftfars/flugrekandi starfar á mjög fáum flugvallarpörum eða í mjög fáum ríkjapörum sem falla undir jöfnunarkröfur eða í mjög fáum ríkjapörum sem falla ekki undir jöfnunarkröfur, að fara þess á leit að ábyrgðaraðildarríkið birti ekki slík gögn á vettvangi umráðanda loftfars/flugrekanda og útskýra hvers vegna birting upplýsinganna myndi teljast skaðleg fyrir viðskiptahagsmunum hans. Á grundvelli þessarar beiðni er ábyrgðaraðildarríkinu heimilt að fara þess á leit að framkvæmdastjórnin birti þessi gögn á hærra flokkunarþrepi. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um beiðnina.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2066 frá 19. desember 2018 um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB og um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 601/2012 (Stjtið. ESB L 334, 31.12.2018, bls. 1).

(**) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1603 frá 18. júlí 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar ráðstafanir sem Alþjóðaflugmálastofnunin samþykkti vegna vöktunar, skýrslugjafar og sannprófunar á losun frá flugi í þeim tilgangi að koma hnattrænni markaðstengdri ráðstöfun til framkvæmda (Stjtið. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 10).“

8) Ákvæðum 18. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef ekkert af losuninni, sem rakin er til flugstarfsemi og er frá flugi á vegum umráðanda loftfars/flugrekanda sem fellur undir b-lið 1. mgr. þessarar greinar, verður rakið til ábyrgðaraðildarríkisins fyrstu tvö ár einhvers tímabils sem um getur í 13. gr. skal færa umráðanda loftfars/flugrekanda yfir á annað ábyrgðaraðildarríki að því er varðar næsta tímabil. Nýja ábyrgðaraðildarríkið skal vera aðildarríkið með mestu áætluðu losunina sem rakin er til flugstarfsemi frá flugferðum á vegum viðkomandi umráðanda loftfars/flugrekanda á fyrstu tveimur árum fyrra tímabils.“

b) Í stað b-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) uppfæra skrána, a.m.k. á tveggja ára fresti frá árinu 2024, þannig að hún taki til umráðenda loftfara/flugrekanda sem hafa síðan stundað flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka; ef umráðandi loftfars/flugrekandi hefur ekki stundað flugstarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka í fjögur almanaksár samfelld áður en skráin er uppfærð skal viðkomandi umráðandi loftfars/flugrekandi ekki færður inn í skrána.“

9) Ákvæðum 25. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Sambandið og aðildarríki þess skulu halda áfram að leitast við að ná samkomulagi um hnattrænar ráðstafanir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá flugstarfsemi, í samræmi við markmiðin í reglugerð (ESB) 2021/1119 og Parísarsamningnum. Í ljósi slíks samkomulags skal framkvæmdastjórnin vega og meta hvort nauðsynlegt sé að gera breytingar á þessari tilskipun að því er varðar umráðendur loftfara/flugrekendur.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerð til að skrá önnur ríki en EES-löndin, Sviss og Breska konungsríkið, sem litið er svo á að beiti kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi að því er varðar þessa tilskipun, með grunnviðmiðunina 2019 fyrir árin 2021 til 2023 og grunnviðmiðunina 85% fyrir losunina 2019 fyrir hvert ár frá og með árinu 2024. Þessi framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.

4. Að því er varðar losun fram til 31. desember 2026 frá flugi til eða frá ríkjum sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. þessarar greinar skal ekki gera þá kröfu að umráðendur loftfara/flugrekendur skili inn losunarheimildum, í samræmi við 3. mgr. 12. gr., að því er varðar þessa losun.

5. Að því er varðar losun fram til 31. desember 2026 frá flugi milli Evrópska efnahagssvæðisins og ríkja sem eru ekki skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. þessarar greinar, önnur en flug til Sviss og til Breska konungsríkisins, skal ekki gera þá kröfu að umráðendur loftfara/flugrekendur skili inn losunarheimildum, í samræmi við 3. mgr. 12. gr., að því er varðar þessa losun.

6. Að því er varðar losun frá flugi til og frá löndum sem eru skemmt á veg komin í þróun og þróunarríkjum sem eru lítil eyriki, í skilningi Sameinuðu þjóðanna, öðrum en þeim sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. þessarar greinar og þau ríki þar sem verg landsframleiðsla á mann er jafnmikil eða meiri en meðaltalið í Sambandinu, skal ekki gera þá kröfu að umráðendur loftfara/flugrekendur skili inn losunarheimildum, í samræmi við 3. mgr. 12. gr., að því er varðar þessa losun.

7. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að um sé að ræða verulega röskun á samkeppni, s.s. röskun af völdum þriðja lands sem beitir kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi á vægari hátt í landslögum sínum eða vanrækir að framfylgja ákvæðunum í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi á sama hátt fyrir alla umráðendur loftfara/flugrekendur, sem er skaðleg fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að veita þessum umráðendum loftfara/flugrekendum undanþágu frá jöfnunarkröfum, eins og mælt er fyrir um í 9. mgr. 12. gr., að því er varðar losun frá flugi til og frá slíkum ríkjum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.

8. Ef umráðendur loftfara/flugrekendur sem eru með flugrekandaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, starfrækja flug milli tveggja mismunandi ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. flug sem fara fram milli Sviss, Breska konungsríkisins og ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. þessarar greinar og þessi ríki heimila umráðendum loftfara/flugrekendum að nota aðrar einingar en þær sem eru í skránni sem er samþykkt skv. 8. mgr. 11. gr. a, skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framkvæmdargerðir til að heimila þessum umráðendum loftfara/flugrekendum að nota tegundir eininga til viðbótar við þær sem eru í skránni eða að vera ekki bundnir af skilyrðunum í 2. og 3. mgr. 11. g. a að því er varðar losun frá slíku flugi. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.“

10) Í stað 28. gr. a og 28. gr. b kemur eftirfarandi:

„28. gr. a

Undanþágur sem gilda á undan lögboðinni framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar

1. Þrátt fyrir 12. gr. (3. mgr.), 14. gr. (3. mgr.) og 16. gr. skulu aðildarríkin líta svo á að kröfumnar sem eru settar fram í þessum ákvæðum séu uppfylltar og skulu ekki grípa til neinna aðgerða gegn umráðendum loftfara/flugrekendum að því er varðar:

- alla losun frá flugi til og frá flugvöllum sem eru staðsettir í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins, að undanskildu flugi til flugvallar sem eru staðsettir í Breska konungsríkinu eða Sviss, á hverju almanaksári frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2026, háð endurskoðuninni sem um getur í 28. gr. b,
- alla losun frá flugi milli flugvallar sem er staðsettur á ysta svæði í skilningi 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og flugvallar sem er staðsettur á öðru svæði Evrópska efnahagssvæðisins, á hverju almanaksári frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2023, háð endurskoðuninni sem um getur í 28. gr. b.

Að því er varðar 11. gr. a, 12. og 14. gr. skal líta svo á að sannprófuð losun frá flugi, öðru en því sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, sé sannprófuð losun umráðanda loftfars/flugrekanda.

2. Þrátt fyrir 3. mgr. 3. gr. d skal fækka fjölda losunarheimilda, sem hvert aðildarríki skal bjóða upp að því er varðar tímabilið frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2026, þannig að hann svari til hlutdeildar aðildarríkisins í losun frá flugi sem rekja má til flugstarfsemi sem fellur ekki undir undanþágurnar sem kveðið er á um í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar.

3. Þrátt fyrir 3. gr. g skal ekki krefja umráðendur loftfara/flugrekendur um að leggja fram vöktunaráætlanir þar sem gerð er grein fyrir ráðstöfunum til að vakta og gefa skýrslu um losun að því er varðar flug sem falla undir undanþágurnar sem kveðið er á um í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar.

4. Þrátt fyrir 3. gr. g, 12. gr., 15. gr. og 18. gr. a skal líta svo á að ef árleg heildarlosun umráðanda loftfars/flugrekanda er minni en 25 000 tonn af koltvísýringi, eða ef árleg heildarlosun umráðanda loftfars/flugrekanda er minni en 3000 tonn af koltvísýringi frá öðru flugi en því sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar, sé losun hans sannprófuð losun ef hún er ákvörðuð með því að nota tæki fyrir smálosendur sem er samþykkt samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 606/2010 (*) og inniheldur gögn frá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu úr stoðbúnaði viðskiptakerfis fyrir losunarheimildir. Aðildarríkjunum er heimilt að koma í framkvæmd einfölduðu ferli fyrir umráðendur loftfara/flugrekendur, sem eru ekki með rekstur í atvinnuskyni, svo fremi sem slíkt ferli feli ekki í sér minni nákvæmni en fæst með tæki smálosenda.

5. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda einungis um lönd, sem samkomulag hefur náðst við skv. 25. gr. eða 25. gr. a, í samræmi við skilmála slíks samkomulags.

28. gr. b

Skýrslugjöf og endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar varðandi framkvæmd hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar

1. Fyrir 1. janúar 2027 og á þriggja ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framvindu við samningaviðræður Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um að koma hnattrænu markaðstengdu ráðstöfuninni í framkvæmd þannig að hún gildi um losun frá 2021, einkum að því er varðar:

- a) viðeigandi gerninga Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þ.m.t. kröfur og ráðlagðar starfsvenjur, sem og framvindu við framkvæmd allra þátta í ráðstafanakörfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í áttina að því að ná hnattræna metnaðarfulla langtímamarkmiðinu sem var samþykkt á 41. þingi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,
- b) tilmæli, samþykkt af ráði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem varða hnattrænu markaðstengdu ráðstöfunina, þ.m.t. allar hugsanlegar breytingar á grunnviðmiðunum,
- c) að stofna hnattræna skrá,
- d) landsbundnar ráðstafanir sem þriðju lönd gera til að koma hnattrænu markaðstengdu ráðstöfuninni, sem á að gilda um losun frá 2021, í framkvæmd,
- e) hversu mikil þátttaka þriðju landa er í jöfnuninni samkvæmt kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, þ.m.t. hvaða áhrif fyrirvarar þeirra, að því er varðar slíka þátttöku, gætu haft og
- f) aðra viðeigandi þróun á alþjóðavettvangi og gildandi gerninga, sem og framvindu við að draga úr heildaráhrifum flugsamgangna á loftslag.

Í samræmi við hnattrænu athugunina í Parísarsamningnum skal framkvæmdastjórnin einnig gefa skýrslu um viðleitni við að uppfylla hnattrænt metnaðarfullt langtímamarkmið fluggeirans við að draga úr koltvísýringslosun frá flugstarfsemi niður í enga losun fyrir 2050, metið í samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í a- til f-lið fyrstu undirgreinar.

2. Eigi síðar en 1. júlí 2026 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem hún skal meta umhverfislegan heilleika hnattrænnar markaðstengdrar ráðstöfunar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, þ.m.t. almennan metnað hennar m.t.t. markmiða samkvæmt Parísarsamningnum, hversu mikil þátttakan er í jöfnuninni samkvæmt kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, framfylgd hennar, gagnsæi, viðurlög fyrir að fara ekki að tilskildum ákvæðum, ferli varðandi þátttöku almennings, gæði jöfnunarinnegna, vöktun losunar, skýrslugjöf um hana og sannprófun á henni, skrár og ábyrgð sem og reglur um notkun lífoldsneytis. Framkvæmdastjórnin skal einnig birta þessa skýrslu eigi síðar en 1. júlí 2026.

3. Með skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 2. mgr., skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á, til að breyta þessari tilskipun á þann hátt sem er í samræmi við markmiðið um hitastig í Parísarsamningnum, skuldbindingu Sambandsins um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í öllu hagkerfinu fyrir 2030 og markmiðið um að ná loftslagshlutleysi fyrir 2050 og með það að markmiði að vernda umhverfislegan heilleika og skilvirkni loftslagsaðgerða Sambandsins. Meðfylgjandi tillaga skal, eins og við á, taka til beitingar á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir um brottflug frá flugvöllum sem eru staðsettir í ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu til flugvalla sem eru staðsettir utan Evrópska efnahagssvæðisins frá og með janúar 2027 og undanskilja komuflug frá flugvöllum sem eru staðsettir utan Evrópska efnahagssvæðisins ef skýrslan, sem um getur í 2. mgr., sýnir að:

- a) þing Alþjóðaflugmálastofnunarinnar hefur ekki styrkt kerfið til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi, eigi síðar en 31. desember 2025, í samræmi við að ná hnattrænu metnaðarfullu langtímamarkmiði þess í átt að því að ná markmiðum Parísarsamningsins, eða

- b) ríki sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a losa minna en 70% af alþjóðlegri losun frá flugstarfsemi samkvæmt nýjustu aðgengilegu gögnum.

Meðfylgjandi tillaga skal einnig, eins og við á, gera umráðendum loftfara/flugrekendum kleift að draga frá allan kostnað af jöfnun í kerfinu til kolefnisjöfnunar og -samdráttar í alþjóðaflugi á þessum flugleiðum til að komast hjá tvöfaldri gjaldtöku. Ef skilyrðin sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar eru ekki uppfyllt skal tillagan breyta þessari tilskipun, eins og við á, til að haldið verði áfram að beita viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir einungis um flug innan Evrópska efnahagssvæðisins, um flug til Sviss og Breska konungsríkisins og um flug til ríkja sem eru ekki skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 606/2010 frá 9. júlí 2010 um samþykki á einfölduðu tæki sem Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) hefur próað til að áætla eldsneytisnotkun tiltekinna umráðenda loftfara sem losa lítið (Stjtið. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 25).“

- 11) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 30. gr.:

„8. Á árinu 2026 skal framkvæmdastjórnin fella eftirfarandi þætti inn í skýrsluna sem kveðið er á um í 5. mgr. 10. gr.:

- a) mat á umhverfis- og loftslagsáhrifum af flugi sem er styttra en 1000 km og huga að valkostum til að draga úr þessum áhrifum, þ.m.t. athugun á annars konar almenningssamgöngumátum sem eru tiltækir og aukinni notkun á sjálfbæru flugvélaeldsneyti,
- b) mat á umhverfis- og loftslagsáhrifum frá flugi á vegum rekstraraðila sem njóta undanþágu skv. h- eða k-lið í færslunni „flugsamgöngur“ í dalkinum „starfsemi“ í töflunni í I. viðauka og huga að valkostum til að draga úr þessum áhrifum,
- c) mat á félagslegum áhrifum af þessari tilskipun í fluggeiranum, þ.m.t. á vinnuafli og kostnað við flugferðir, og
- d) mat á tengjanleika flugsamgangna milli eyja og afskekkttra yfirráðasvæða, þ.m.t. að hugað sé að samkeppnishæfni og kolefnisleika sem og umhverfis- og loftslagsáhrifum.

Einnig skal taka tillit til skýrslunnar sem kveðið er á um í 5. mgr. 10. gr., eftir því sem við á, við framtíðarendurskoðun á þessari tilskipun.“

- 12) Ákvæðum I. og IV. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2023. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessara ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 10. maí 2023.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

R. METSOLA

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. ROSWALL

forseti.

VIÐAUKI

1) Í töflunni í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er færslunni „flugsamgöngur“ í dálkinum „starfsemi“ breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir fyrsta lið:

„Flug milli flugvalla, sem eru staðsettir í tveimur mismunandi ríkjum sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a, og flug milli Sviss eða Breska konungsríkisins og ríkja sem eru skráð í framkvæmdargerðina sem er samþykkt skv. 3. mgr. 25. gr. a og, að því er varðar 6. og 8. mgr. 12. gr. og 28. gr. c, öll önnur flug milli flugvalla sem eru staðsettir í tveimur mismunandi þriðju löndum, á vegum umráðenda loftfara/flugrekenda sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) umráðendur loftfara/flugrekendur eru með flugrekendaskírteini sem aðildarríki gefur út eða eru skráðir í aðildarríki, þ.m.t. ystu svæði, hjálendur og yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis, og

b) árleg koltvísýringslosun þeirra er meiri en 10 000 tonn vegna notkunar á flugvélum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5 700 kg, þeir annast flug sem falla undir þennan viðauka, önnur en þau sem fara frá og lenda í sama aðildarríkinu, þ.m.t. ystu svæði sama aðildarríkisins, frá og með 1. janúar 2021; að því er varðar þennan lið skal ekki taka tillit til losunar frá eftirfarandi tegundum flugs:

i. ríkisflugi,

ii. flugi í mannúðarskyni,

iii. sjúkraflugi,

iv. herflugi,

v. flugi til slökkvistarfa,

vi. flugi á undan eða eftir flugi í mannúðarskyni, sjúkraflugi eða flugi til slökkvistarfa, að því tilskildu að slík flug hafi verið framkvæmd með sama loftfarinu og verið nauðsynleg til að sinna tengdri starfsemi í mannúðarskyni, sjúkra- eða slökkvistarfi eða til að skipta um staðsetningu loftfarsins eftir þessa starfsemi fyrir næstu starfsemi þess.“

b) Í stað tölunnar „30 000“ í i. lið kemur talan „50 000“.

2) Í B-hluta IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er liðnum „Vöktun á losun koltvísýrings“ breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málslið er bætt við í lok fjórða liðar:

„Losunarstuðullinn fyrir þotusteinolíu (Jet A1 eða Jet A) skal vera 3,16 (t CO₂/t eldsneyti).“

b) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir fjórða lið:

„Losun frá endurnýjanlegu eldsneyti af ólífrænum uppruna, þar sem notað er vetni frá endurnýjanlegum orkugjöfum, sem er í samræmi við 25. gr. tilskipunar (ESB) 2018/2001 skal teljast vera með enga losun fyrir þá umráðendur loftfara/flugrekendur sem nota það þar til framkvæmdargerðin, sem um getur í 1. mgr. 14. gr. þessarar tilskipunar, er samþykkt.“